

REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð um happdrætti
Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 148/2000.

1. gr.

1. og 2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar, sbr. reglugerð nr. 347/2019, orðast svo:
Verð hlutamiða í hvorri flokkaröð skal vera 22.800 kr. ef keyptur er miði sem gildir í öllum 12 flokkum happdrættisársins sem er frá 1. maí til 30. apríl ár hvert.
Verð miða fyrir hvern flokk er 1.900 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16/1973, með síðari breytingum, öðlast gildi 20. apríl 2022.

Dómsmálaráðuneytinu, 25. mars 2022.

Jón Gunnarsson.

Haukur Guðmundsson.

B-deild – Útgáfudagur: 30. mars 2022